

Lögfræðingur tímarit lagadeildar Háskólans á Akureyri

Ritrýnireglur 2015

1. Inngangur

Við samningu ritrýnireglanna Lögfræðings voru hafðar til hliðsjónar verklags- og ritrýnireglur The Yearbook of Polar Law (Árbók Heimsskautaréttar)¹ og Læknablaðsins²

Reglurnar sem hér birtast eru í sífelldri endurskoðun. Athugasemdir, ábendingar eða aðrar tillögur að úrbótum eða breytingum eru vel þegnar en koma má slíku á framfæri á tölvupóstfangið logfraedingur@fsha.is

2. Markmið ritrýni

Aðsendar greinar eru aðeins ritrýndar að ósk höfundar. Hlutverk ritnefndar er að velja ritrýnendur úr hópi sérfræðinga á því sviði sem greinin fjallar um. Ritrýnir er beðin um að fara með handrit greina sem trúnaðarmál og njóta þeir sem ritrýna fullrar nafnleyndar gagnvart greinahöfundum. Handrit skal senda nafnlaust og án auðkenna höfunda til þeirra sem ritrýna.

Ritrýni er ætlað að tryggja að handrit uppfylli fræðilegar kröfur en einnig telst hún þjónusta við greinahöfunda og nauðsynlegur þáttur í undirbúningi birtingar vandaðrar fræðigreinar

3. Viðmið við ritrýni

- Er titill greinar nægilega lýsandi fyrir efni hennar?
- Frumleiki handrits og framlag til þekkingar á fræðasviðinu eru samkvæmt kröfum sem gerðar eru til akademískra fræðigreina
- Styður greinin við áður útgefið efni eða stefnir greinin með viðurkenndum aðferðum að því að skapa nýja þekkingu á viðkomandi sviði lögfræðinnar?
- Nákvæmni og skýrleiki umfjöllunar; er efni greinarinnar nægilega vel fram sett? Mætti stytta hluta þess eða er þörf á frekari útskýringum?
- eru þær rannsóknir sem liggja að baki handrits nægjanlegar? Er vísað með viðurkenndum hætti til heimilda þar sem það á við?

4. Verklag ritrýni

Ritrýnendum er ætlað að fara yfir fræðilegt inntak handrita í samræmi við ofangreindar kröfur. Ritryndandi skal skila inn athugasemdum til ritnefndar þar sem koma fram hugmyndir og tillögur um mögulegar úrbætur. Gerð er krafa um að ritrýni sé nægilega nákvæm og skýr til þess að

¹ Útgefandi Brill. <http://www.brill.com/>

² Læknablaðið byggir á reglum Vancouverhópsins um frágang, uppbyggingu og efnistöð vísindagreina. Reglur um þetta er að finna á slóðinni: www.icmje.org

höfundur geri sér fyllilega grein fyrir gagnrýni, tillögum og hugmyndum ritrýna. Athugasemdir skulu vera eins uppbyggilegar og kostur er á þótt endanlegur dómur ritrýnanda sé neikvæður.

Æskilegt er að ritrýnendur dragi saman meginniðurstöður sínar í upphafi en í kjölfarið geri nákvæmari útlistanir og athugasemdir. Ritrýnendur eru jafnframt hvattir til þess að leggja til styttingar ef slíkt er mögulegt án þess þó að slík stytting komi niður á fræðilegu innihaldi greina.

Að endingu skulu ritrýnendur gera tillögu til ritnefndar um hver eftirtalinna leiða skuli valin:

1. Fræðigrein uppfyllir kröfur um ritrýni, greinin verði birt.
2. Fræðigrein uppfyllir kröfur um ritrýni ef höfundur gerir minniháttar breytingar.
3. Endurskoða þarf greinina í heild og ritrýna að nýju.
4. Greininni er hafnað alfarið

Ekki er greitt fyrir greinaskrif eða ritrýni.

Umsagnarblað - Mat ritrýnis til ritnefndar Lögfræðings

Dagsetning móttöku handrits:

Dagsetning skila ritrýni:

Ritrýnir:

Heiti handrits:

Mat	Ágætt	Gott	Sæmilegt	Ófullnægjandi
Viðegandi efni sem fræðigrein á sviði lögfræði				
Titill				
Útdráttur Á íslensku Útdráttur á ensku				
Framsetning og skýrleiki Frumleiki og framlag				
Vandað málfar og stafsetning				
Lengd handrits				
Notkun heimilda				

Tillaga ritrýnis til ritnefndar	
Fræðigrein uppfyllir kröfur um ritrýni, greinin verði birt	
Fræðigrein uppfyllir kröfur um ritrýni ef höfundur gerir minniháttar breytingar	
Endurskoða þarf greinina í heild og ritrýna að nýju	
Greininni er hafnað	

Í hnotskurn – stutt mat ritrýnis til ritstjórnar í nokkrum setningum - í sérskjali

Greinargerð til höfunda -í sérskjali

